

Innviðaráðuneytið  
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála  
Sölvhólsgrata 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2022

## Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

ÖBÍ leggur áherslu á að þess sé gætt að þjónusta í málefnum fatlaðs fólks skerðist ekki heldur styrkist við sameiningu sveitarfélaga. Stuðla má að hagræðingu í rekstri við sameiningu og ljóst er að mörg minni sveitarfélög ráða illa eða ekki við skyldur sínar. Miða verður þjónustustig og áætlanir við fjölda og dreifingu íbúa, stærð og fjarlægðir milli staða.

Af af gefnu tilefni er minnt á samráðsskyldu stjórnvalda við fatlað fólk sbr. 3. mgr. 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF):

*„Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufæri varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.“*

Ekkert um okkur án okkar.  
Með vinsemd og virðingu,

  
Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ

  
Stefán Vilbergsson  
verkefnastjóri ÖBÍ